

Fimmtudaginn 28. mars 1996.

Nr. 229/1995.

Dagsprent hf.

(Árni Pálsson hrl.)

gegn

Sigríði Þorgrímsdóttur

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Fæðingarorlof. Jafnrétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1995 og krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi átti í rekstrarerfiðleikum um nokkurra ára bil, áður en atvik máls þessa gerðust. Vegna mikils rekstrartaps árið 1992 var um áramót 1992 og 1993 unnið að samningi um að selja stóran hluta af fasteign félagsins.

Í mars 1993 var sex starfsmönnum áfrýjanda sagt upp störfum, þeirra á meðal einum blaðamanni. Í sama mánuði voru ýmis prentæki seld og ákveðið að hætta prentun annars efnis en blaðsins Dags. Rekstraryfirlit áfrýjanda fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 1993 sýndi, að tap af reglulegri starfsemi var um 692.000 krónur. Um mitt ár 1993 kom í ljós, að ávinningur af sölu fasteignarhlutans var mun minni en áður var gert ráð fyrir. Uppgjör 31. júlí 1993 sýndi tæplega 7,5 milljón króna tap vegna reglulegrar starfsemi fyrstu sjö mánuði ársins og tap af eignasölu rúmar 12 milljónir króna. Í ársreikningi 1993 kemur fram, að tap af reglulegri starfsemi var um 23,2 milljónir króna, en árið 1992 um 10,4 milljónir.

Af gögnum málsins sést ekki, hvenær rekstraryfirlit fyrstu sjö

mánaða ársins 1993 lá fyrir, en á stjórnarfund 24. ágúst 1993 var ákveðið að leggja niður útibú áfrýjanda á Sauðárkróki og þar með að segja stefndu upp störfum. Á sama fundi var ákveðið að leggja áætlun um framtíðarrekstur og fjármögnun fyrirtækisins fyrir stjórn Kaupfélags Eyfirðinga. Fyrir dómi var framkvæmdastjóri áfrýjanda spurður, hvers vegna einungis hefði verið tekin ákvörðun um að loka skrifstofunni á Sauðárkróki. Svaraði hann því svo, að þá hefði verið búið að gera slíkar ráðstafanir annars staðar í rekstrinum. Framkvæmdastjórinn bætti því við, að ákveðið óhagræði væri að því, „þegar verið er að fækka fólki, að geta ekki nýtt það til fulls og að hafa einn starfsmann starfandi á öðrum stað, . . .“.

Árið 1994 voru gerðar frekari ráðstafanir til þess að bæta fjárhag áfrýjanda og rekstur, meðal annars með því að segja einum blaðamanni upp. Ársreikningur 1994 sýnir um 3,4 milljóna króna rekstrartap, en vinnulaunakostnaður áfrýjanda lækkaði á því ári um tíu milljónir króna, þ. e. frá 62.648.710 krónum í 51.668.524 krónur.

II.

Framkvæmdastjóri áfrýjanda skýrir svo frá fyrir dómi, að áskrifendur Dags á Sauðárkróki hafi verið um sjötíu á þeim tíma, sem stefnda starfaði þar, og tekjur af þeim um 70.000 krónur brúttó á mánuði. Hafi mánaðarlegar tekjur af áskriftargjöldum þar verið um 40.000 krónur, eftir að dreifingarkostnaður var dreginn frá. Áfrýjandi heldur því fram, að auk launa stefndu hafi kostnaður við útibúið verið um 40.000 krónur á mánuði. Þessu hefur stefnda ekki andmælt.

Þegar litið er til þess, sem nú var rakið, er ljóst, að fjárhag áfrýjanda var svo komið síðari hluta árs 1993, að brýn nauðsyn hlaut að hafa verið til þess, að hagrætt yrði til hins ýtrasta í rekstri hans. Ekki er ástæða til að draga í efa, að nærtæk og eðlileg ráðstöfun í því efni hafi verið að leggja niður útibú áfrýjanda á Sauðárkróki, sem leiddi til þess, að stefndu, er var eini starfsmaður þess, var sagt upp starfi. Þykir áfrýjandi með þessu hafa sýnt fram á svo veigamikilið tilefni fyrir uppsögn stefndu, að á það beri að fallast, að fullnægt hafi verið áskilnaði um gildar ástæður uppsagnar í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1987 um fæðingarorlof. Skiptir ekki máli, þótt þessi ráðstöfun hafi engan veginn skipt sköpum um rekstrarafkomu áfrýj-

anda í heild. Að svo vöxnu máli og þar sem viðhlítandi rök skortir fyrir því, að þessar gildu ástæður hafi ekki valdið uppsögninni, heldur þungun stefndu, verður ekki talið, að brotið hafi verið gegn ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Dagsprent hf., skal vera sýkn af kröfum stefndu, Sigríðar Þorgrímsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 28. apríl 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Skarphéðinn Þórisson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 27. september 1994, birtri 30. s. m. og þingfestri 6. október s. á., f. h. Sigríðar Þorgrímsdóttur, kt. 200956-2309, leiðbeinanda, Skúlabraut 41, Blönduósi, á hendur Dagsprenti hf., kt. 511181-0469, Strandgötu 31, Akureyri.

Stefnandi krefst þess, að stefndi greiði sér skaðabætur, að fjárhæð 391.987 kr., ásamt dráttarvöxtum [...].

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að fyrri hluta árs 1992 hafi verið auglýst laus til umsóknar staða blaðamanns hjá dagblaðinu Degi, og skyldi blaðamaðurinn hafa aðsetur á Sauðárkróki. Stefndi, sem gefur út dagblaðið Dag og hefur höfuðstöðvar hér í bæ, starfrækti tvær umboðsskrifstofur, aðra á Húsavík og hina á Sauðárkróki.

Stefnandi, sem búsett var í Reykjavík, sótti um starfið og var ráðin til starfa eftir samtal við þáverandi ritstjóra, Braga Bergmann. Var það í maí 1992, en stefnandi hóf störf 16. júlí það ár. Stefndi var búsett í Reykjavík, en fluttist norður á Sauðárkrók með búslóð sína til að gegna starfi þessu, enda hafði henni verið gefið fyrirheit um, að ráðið væri í stöðuna til fram-búðar. Ekki hafði verið gerður skriflegur ráðningarsamningur milli aðila. Starf stefnanda fólst í að sinna almennum störfum blaðamanns á Norðurlandi vestra, þ. m. t. ljósmyndun, auk þess að sjá um umboðsskrifstofu Dags á Sauðárkróki og annast dreifingu blaðsins til blaðburðarbarna og söluaðila.

Í maímánuði 1993 varð stefnandi að vera frá vinnu í vikutíma vegna veikinda, en stefnandi var þá vanfær og komin tvo mánuði á leið. Skýrði hún

Braga Bergmann ritstjóra frá veikindum sínum og ræddi fyrirhugað fæðingarorlof. Engar ákvarðanir hafi þó verið teknar um framkvæmd orlofsins. Í byrjun ágúst 1993 hafði stefnandi aftur tal af ritstjóranum og tilkynnti honum, að hún hygðist taka fæðingarorlof sitt í sex mánuði frá 1. desember það ár. Einnig ræddi hún óformlega tillögur um afleysingu á tímabilinu. Með bréfi Harðar Blöndal, framkvæmdastjóra Dagsprents hf., sem dagsett var 30. ágúst 1993, en barst stefnanda 31. s. m., var stefnanda sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 1. september 1993, og skyldi hún láta af störfum 30. nóvember s. á.

Rökstuðningur uppsagnarinnar var sú ákvörðun stjórnar stefnda að heimila lokun skrifstofu blaðsins á Sauðárkróki vegna rekstrarörðugleika félagsins. Skyldi skrifstofunni lokað frá og með 30. nóvember 1993. Stefnandi sendi Blaðamannafélagi Íslands bréf með greinargerð, dags. 1. september 1993, þar sem hún óskaði, að félagið kannaði lögmæti uppsagnar sinnar. Með bréfi, dags. 6. s. m., til kærunefndar jafnréttismála óskaði stefnandi eftir því, að nefndin kannaði og tæki afstöðu til þess, hvort sú ákvörðun stefnda að segja sér upp störfum bryti gegn ákvæðum 6. gr. jafnréttislaga nr. 28/1991 um jafna stöðu og rétt kvenna og karla og 7. gr. laga um fæðingarorlof nr. 57/1987.

Með álitsgerð kærunefndar jafnréttismála, dags. 25. febrúar 1994, sbr. dskj. nr. 8, kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, að uppsögn stefnanda hafi verið ólögmæt og brotið gegn 4. tl. 6. gr. laga nr. 28/1991 og 7. gr. laga nr. 57/1987. Í niðurlagi álitsgerðarinnar var þeim tilmælum beint til stefnda að greiða stefnanda laun í fæðingarorlofi í samræmi við ákvæði kjarasamnings Blaðamannafélags Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og ákvörðun um uppsögn frá og með 1. september 1993 yrði afturkölluð. Þar sem ekki náðist samkomulag með aðilum, ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem reifuð var sú túlkun stefnanda og Blaðamannafélags Íslands á 7. gr. laga nr. 57/1987, að með öllu væri óheimilt að segja barnshafandi konu upp störfum. Gæti uppsögn ekki tekið gildi fyrr en í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir töku fæðingarorlofs. Jafnframt var þess krafist, að stefndi greiddi stefnanda full fjögurra mánaða laun í fæðingarorlofi auk launa í þrjá mánuði í uppsagnarfresti.

Með bréfi lögmanns stefnda var kröfum stefnanda hafnað og því algerlega mótmælt, að ástæður uppsagnarinnar tengdust á nokkurn hátt því, að stefnandi væri barnshafandi. Enn fremur var það áréttað, að uppsögnin hefði verið réttlætánleg vegna sparnaðaraðgerða og hafi ekki getað brotið gegn ákvæðum 7. gr. laga nr. 57/1987. Undir málavaxtalýsingu þessa tekur stefndi, en til glöggvunar gerir hann þó grein fyrir aðdragandanum að því,

að útibúið á Sauðárkróki var lagt niður. Rekstur stefnda hafi verið búinn að vera erfiður um nokkurn tíma. Í desember 1992 hefjast viðræður við Bygðastofnun um kaup hennar á hluta af fasteignum stefnda. Tókst samkomulag í mars 1993 um sölu hluta af fasteignunum. Auk þess voru þá seldar prentvélar og starfsfólki fækkað, m. a. var fækkað um einn blaðamann. Eftir þessar aðgerðir var talið, að rekstur stefnda kæmist á réttan kjöl. Síðari hluta ágústmánaðar 1993 lá fyrir uppgjör fyrir fyrstu sjö mánuði ársins, sbr. dskj. nr. 23. Sýndi uppgjör þetta verri afkomu en áður voru dæmi um, þ. e. a. s. tap samtals 19.419.525,85 kr., þar af tap af eignasölu 12.026.968 kr. og tap af reglulegri starfsemi 7.463.567,85 kr. Í framhaldi af þessu var gripið til þess ráðs að loka útibúinu á Sauðárkróki og segja stefnanda upp störfum. Ástæðan til lokunar skrifstofunnar á Sauðárkróki og uppsagnar stefnanda var sá mikli halli, sem fram kom í milliuppgjöri þessu. Hafi halli þessi komið á óvart þrátt fyrir eignasölu og tilheyrandi skuldalækkun. Þetta hafi haft úrslitaáhrif fyrir lokun útibúsins á Sauðárkróki, en ekki það, að stefnandi var barnshafandi. Þessar aðgerðir hafi þó ekki dugað, því að öllum starfsmönnum stefnda var sagt upp 1. apríl 1994 og þá fækkað um sex störf. Stefndi hafi síðan fengið greiðslustöðvun 3. október 1994.

Fyrir dómi bar stefnandi, að þegar hún var ráðin, hafi Bragi Bergmann, þáverandi ritstjóri, haft orð á því, að starfsmannaskipti hefðu verið ör og valdið vandræðum á Sauðárkróki. Væri því verið að leita að starfsmanni, sem væri tilbúinn til frambúðarstarfa. Framburður stefnanda var í meginatriðum eins og rakið er í málavaxtalýsingu. Hafi hún verið frá vinnu nokkrar vikur vegna meðgöngu og sennilega sagt Braga Bergmann það í maí 1993, að hún væri vanfær, og hafi hann verið óhress með, hvernig ætti að leysa málið, ef hún væri veik, svo og fæðingarorlofið. Þegar hún var ráðin til starfans, hefði blaðstjórn stefnda viljað loka skrifstofunni, en Bragi Bergmann ritstjóri viljað gera úrslitatilraun með rekstur hennar. Þegar hún hóf störf, hafi hún ekki vitað, að stefndi ætti í rekstrarörðugleikum.

Fyrir dómi bar Hörður Blöndal Björnsson, framkvæmdastjóri stefnda, kt. 100246-4499, Akurgerði 4, Akureyri, að stefndi hefði átt í rekstrarerfiðleikum frá 1987 og þeir verið í því fólgnir, að aðlaga þurfti rekstur tekjum og lækka skuldir. Um mitt ár 1993 hafi komið í ljós, að rekstrarhagræðingin hafði ekki borið ætlaðan árangur og í enn meira óefni stefndi en áður. Spurning hafi verið um rekstur skrifstofunnar á Sauðárkróki, þar sem vissst óhagræði hafi verið að rekstri hennar og ótvírætt hagræði að loka henni. Þegar hér var komið, hafi virðisaukaskattur verið lagður á dagblaðaútgáfu, og eins og á stóð, hafi mestur sparnaður verið í að loka skrifstofunni á Sauðárkróki. Félagið hafi verið búíð að tapa í mörg ár, og hafi orðið að

sýna eigendum, hvernig reka ætti fyrirtækið með hagnaði. Hafi verið búið að fækka starfsmönnum á ritstjórn svo og stefnt að því að fækka blaðamönnum, og árið 1993 hafi tveir blaðamenn misst störf sín, stefnandi annar þeirra og einn árið eftir. Hafi það verið eingöngu rekstrarleg ákvörðun eftir milliuppgjörið eftir fyrstu sjö mánuðina 1993 að segja stefnanda upp störfum. Aukalegur sparnaður auk mannakaups við lokun umboðsskrifstofunnar á Sauðárkróki hafi numið um 40.000 kr. á mánuði. Skrifstofan hafi verið stofnuð 1986, en ekki alltaf mönnuð. Ekki kvaðst hann draga í efa, að stefnandi hefði tjáð Braga Bergmann, fyrrverandi ritstjóra, það í maí 1993, að hún væri vanfær. Öllu starfsfólki stefnda hefði verið sagt upp störfum í mars 1994. Ástæðan fyrir stöðugum hallarekstri félagsins hafi verið tregða að viðurkenna rangar ákvarðanir, sem teknar höfðu verið, en nú hafi verið nóg komið og ákveðið að gefast upp og stokka upp spilin.

Sigurður Jóhannsson, stjórnarformaður stefnda, kt. 021031-2169, Hjarðarlundi 1, Akureyri, bar, að á fundi stjórnar 24. ágúst 1993 hefði verið samþykkt að heimila framkvæmdastjóra í samráði við ritstjóra að hætta rekstri skrifstofunnar á Sauðárkróki. Hafi það verið einn liður í rekstrarhagræðingu félagsins. Hann sagði, að stjórnarmönnum hefði verið ókunnugt um, að stefnandi væri ófrísk.

Ekki er tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæð, en stefnandi hefur lagt fram útreikning á bótafjárhæð, en grundvöllur hennar er í fyrsta lagi föst laun skv. launaseðlum 104.523 kr. á mánuði, júlíuppbót 1994, 8.000 kr., er samkvæmt gr. 1.7. skv. kjarasamningi Blaðamannafélags Íslands og stefnda og innifalin í launum fyrir júlí 1994. Samkvæmt útreikningi Blaðamannafélags Íslands á stefnandi inni 26.912 kr. samkvæmt gr. 4.3. nefnds kjarasamnings. Samkvæmt gr. 1.6. sama samnings skal greiða 13.000 kr. í desemberuppbót 1994. Krafist er hlutdeildar fyrir átta mánuði af tólf eða 8/12 af 13.000 kr. = 8.666 kr. Miðað við þessar forsendur er stefnufjárhæð þannig útreiknuð: 1. Tímabil 1. 1.–1. 2. 1994, laun 104.523 kr., fæðingarstyrkur í des. 57.702 kr. 2. Tímabil 1. 2.–1. 3. 1994, laun 104.523 kr., fæðingarstyrkur í jan. 57.702 kr. 3. Tímabil 1. 3.–1. 4. 1994, laun 104.523 kr., fæðingarstyrkur í febr. 54.546 kr. 4. Tímabil 1. 4.–1. 7. 1994, laun 104.523 kr., fæðingarstyrkur í mars 57.702 kr. 5. Tímabil 1. 7.–1. 8. 1994, laun 104.523 kr., önnur laun í júní 15.600 kr. 6. Tímabil 1. 8.–1. 9. 1994, laun 112.523 kr., önnur laun í júlí 40.000 kr. 7. Tímabil 1. 9. 1994 til greiðsludags, laun 104.523 kr. + þriggja mánaða frí 26.912 kr. + des.-uppbót '94 8.666 kr., önnur laun í ágúst 100.000 kr. + áður tilgreindar fjárhæðir í liðum 1–6 samtals 351.886 kr. eða stefnufjárhæðin alls 391.987 kr.

Málsástæður stefnanda eru þær, að skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1987 er

fæðingarorlof sex mánuðir. Í 7. gr. s. l. sé kveðið skýrt á um það, að óheimilt sé að segja barnshafandi konu upp störfum, nema gildar ástæður séu til. Stjórnarmenn stefnda fengu að vita í síðasta lagi í maí 1993, að stefnandi væri barnshafandi og myndi síðar á árinu eiga rétt á barnsburðarleyfi á fullum launum í fjóra mánuði í samræmi við gildandi kjarasamning milli Bláðamannafélags Íslands og stefnda. Þrátt fyrir þá vitneskju hafi stefnanda verið sagt upp störfum, áður en fyrirhugað barnsburðarleyfi hæfist. Í 7. gr. laga um fæðingarorlof felist sérstök verndarregla vegna þeirrar líffræðilegu staðreyndar, að það eru konur, sem ganga með börn og geta þurft að vera frá vinnu af þeim sökum. Markmið verndarreglu þessarar sé að koma í veg fyrir mismunun fólks vegna þessarar staðreyndar og til þess að ná fram tilgangi fæðingarorlofs. Tilgangur fæðingarorlofs sé einkum að gefa konu tækifæri til að ná sér eftir þá reynslu, sem barnsburður hefur óhjákvæmilega í för með sér, og að geta annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess. Fjárhagslegir hagsmunir vinnuveitenda séu oft verulegir og hætt við, að fyrirhugað fæðingarorlof ráði því endanlega, hverjum starfsmanni skuli sagt upp störfum. Ákvæði 7. gr. fæðingarorlofslaganna miði þannig að sérstakri vernd fyrir þungaðar konur, og verði að túlka undantekningu frá því ákvæði þröngt, svo að það nái tilgangi sínum.

Stefnandi telur, að stefndi hafi ekki sýnt fram á nein rök, sem réttlætt geti uppsögn sína við þessar aðstæður, en stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því, að fullnægjandi ástæður hafi verið fyrir hendi. Rekstrarlegar forsendur, svo sem samdráttur eða taprekstur undanfarinna ára, geti aldrei talist brýnjar ástæður fyrir uppsögn þungaðrar konu, enda myndi ákvæðið þá missa marks. Auðvelt yrði þá að komast hjá veitingu fæðingarorlofs, og yrði réttur kvenna þannig verulega fyrir borð borinn.

Stefndi telji sig hafa átt í rekstrarerfiðleikum til margra ára, og því kunni að hafa verið hagkvæmt að leggja niður hugsanlega óarðbæran rekstur. Eini starfsmaður útibúsins á Sauðárkróki hafi hins vegar verið vanfær kona, sem átti rétt á fæðingarorlofi innan skamms tíma. Uppsögn stefnanda á þessu tímamarki bendi sterklega til, að stefndi hafi ætlað að komast hjá greiðslu fæðingarorlofs og annarra útgjalda, sem kynnu að hafa fylgt í kjölfarið.

Framangreindar ástæður geti aldrei talist gildar ástæður fyrir uppsögn stefnanda. Ákvörðun um að leggja niður útibú félagsins á Sauðárkróki hafi komið óvænt og í andstöðu við þau fyrirheit, er stefnanda voru gefin, er hún var ráðin til starfa. Stefndi hafi ekki sýnt fram á, að ástæður uppsagnarinnar hafi verið aðrar en þungun stefnanda eða að þungunin hafi ekki samverkandi áhrif við ákvörðun hans. Í danskri dómaframkvæmd hafi verið tal-

ið, að samdráttur og rekstrarerfiðleikar geti ekki talist gildar ástæður fyrir uppsögn barnshafandi konu, en dönsku jafnréttislögin hafi að geyma samþæringlegt ákvæði og 7. gr. laga um fæðingarorlof. Uppsögn stefnanda, sem þannig sé í andstöðu við 7. gr. fæðingarorlofslaga sé því ólögmæt, og beri stefnanda að greiða bætur samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar. Þar sem ekki mátti segja stefnanda upp fyrr en að loknu fæðingarorlofi, beri henni þriggja mánaða uppsagnarfrestur í samræmi við 3.2. gr. kjarasamnings Bláðamannafélags Íslands og stefnda. Uppsögn stefnanda hafi því mátt í fyrsta lagi taka gildi frá 31. ágúst 1994. Lögum samkvæmt á stefnandi rétt á sex mánaða fæðingarorlofi, en skv. 6.2. gr. kjarasamningsins á stefnandi rétt á fullum launum í fjóra mánuði af sex mánaða fæðingarorlofi sínu, og skal orlofstíminn teljast til unnins tíma. Greiðslur fyrir 5. og 6. mánuðinn fari eftir lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum. Í áliti kærunefndar jafnréttismála á dskj. nr. 8 komi fram, að tilfærðar ástæður stefnda fyrir uppsögn stefnanda geti ekki talist gildar ástæður fyrir uppsögn á meðgöngutíma barns, enda hafi forsvarsmönnum stefnda verið ljós bág fjárhagsstaða félagsins í langan tíma, m. a. þegar stefnandi var ráðin til starfa. Talið var, að undantekningarregluna í 7. gr. fæðingarorlofslaga, sem heimilar uppsögn þungaðrar konu vegna sérstakra atvika, verði að túlka þröngt, þannig að sönnunarbyrðin sé öfug og gera verði mjög ríkar kröfur til sönnunar. Í álitinu komi einnig fram, að engar slíkar breytingar hafi orðið á rekstrarerfiðleikum stefnda, sem réttlætt geti uppsögn þungaðrar konu andstætt bannreglu 7. gr. fæðingarorlofslaga. Þvert á móti hafi nefndin talið, að líklegt væri, m. a. vegna tímasetningar uppsagnarinnar, að stefndi væri með uppsögninni að leysa rekstrarleg vandamál og slíkar hagkvæmnisástæður teldust ekki til sérstakra ástæðna. Taldi kærunefndin því uppsögnina ólögmæta og beindi þeim tilmælum til stefnda, að hann greiddi stefnanda laun í fæðingarorlofi og tæki uppsögnina aftur.

Jafnrétti karla og kvenna sé grundvallarregla í íslenskum rétti. Með lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sé jafnrétti kynjanna tryggt á öllum sviðum, einkum réttur til atvinnu og menntunar. Atvinnurekendum sé með öllu óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Þá taki það einnig til uppsagna. Þó sé það ekki talið mismunun að veita konum betri rétt vegna barnsburðar eða þungunar af líffræðilegum ástæðum. Lög um fæðingarorlof hvíli á þessum grunni og miða þannig að því að rétta hlut kvenna gagnvart atvinnurekendum. Stefndi hafi ekki getað sannað fyrir kærunefnd jafnréttismála, að aðrar ástæður hafi legið að baki uppsögn stefnanda en kynferði. Stefndi hafi ekki heldur sýnt fram á með haldþærum rökum, að aðrar ástæður hafi legið að baki uppsögn stefnanda en þungun og fyrirhugað barnsburðarleyfi.

Að öllu þessu virtu leiði framangreind rök til þess, að stefnda beri að greiða stefnanda bætur vegna ólögmætrar uppsagnar á starfssamningi aðila.

Til lagaraka vísar stefnandi til laga nr. 57/1987, einkum 7. gr., og laga nr. 28/1991, einkum 6. gr. Kröfur um dráttarvexti styður hún III. kafla vaxta-laga nr. 25/1987 ásamt síðari breytingum, og málskostnaðarkröfu reisir hún á lögum um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað á lögum nr. 50/1988.

Stefndi mótmælir málsástæðum og lagarökum stefnanda. Ástæðan fyrir uppsögn stefnanda hafi verið sú, að útibúi stefnda á Sauðárkróki hafi verið lokað vegna gríðarlegs tapreksturs, sem kom fram í milliuppgjöri á miðju ári 1993, en starf stefnanda hafi verið að veita útibúi þessu forstöðu. Ljóst megi vera, að hér hafi verið um annað og meira að ræða en uppsögn starfsmanns. Ákvörðun hafi verið tekin um að leggja niður útibúið á Sauðárkróki. Stefndi heldur því fram, að 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1987 eigi hér alls ekki við. Stefndi tók þá ákvörðun að hætta rekstri útibúsins, og lagaákvæði þetta takmarki ekki rétt atvinnurekanda til að taka ákvarðanir sem þessar. Sé ekki verið að bera fyrir sig skipulagsbreytingar, útibúinu hafi verið lokað endanlega, og ekki hafi verið ráðinn annar starfsmaður á aðalskrifstofu í stað stefnanda. Ef talið verði, að áðurgreint lagaákvæði eigi við, heldur stefndi því fram, að gildar ástæður hafi verið fyrir uppsögninni. Sé það almenn regla í íslenskum rétti, að atvinnurekandi geti sagt starfsmanni upp án þess að rökstyðja uppsögnina. Beri að túlka undantekningar frá þessari meginreglu þröngt. Það hljóti að teljast gildar ástæður, þegar stefndi tekur þá ákvörðun að leggja niður hluta starfsemi sinnar. Ljóst megi vera, að hér var um meiri háttar ákvörðun að ræða, sem tekin var á þeim tímapunkti, þegar sjö mánaða uppgjör lá fyrir í lok ágúst 1993. Þá sé rétt að benda á, að orðalagi ákvæðisins hafi verið breytt, því að í 1. gr. laga nr. 97/1980 segi: „gildar og knýjandi ástæður“. Það sé því ljóst, að dregið hafi verið úr kröfum um heimild atvinnurekanda til að segja upp barnshafandi starfsmanni. Í þessu tilviki hafi verið tekin ákvörðun, er hafi lotið að rekstri stefnda til frambúðar, 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1987 takmarki alls ekki rétt stefnda til að taka slíkar rekstrarlegar ákvarðanir. Þegar frumvarp til laga nr. 97/1980 var flutt á Alþingi, hafi komið fram í ræðu framsögumanns, að tilgangur reglunnar væri að koma í veg fyrir, að konum yrði sagt upp störfum vegna þungunar, nema „gildar og knýjandi ástæður“ væru að baki. Sem dæmi hafi verið nefnd lokun fyrirtækis og flutningur úr byggðarlagi. Ljóst megi því vera, að tilgangur laganna hafi ekki verið sá að girða fyrir hagræðingu í rekstri, t. d. að loka útibúum.

Álit dómsins.

Svo sem að framan er rakið, bar framkvæmdastjóri stefnda, að sífelldir rekstrarerfiðleikar hefðu verið hjá félaginu allt frá árinu 1987. Samkvæmt dskj. nr. 31, sem er ársreikningur stefnda árið 1993, hefur tap ársins verið 35.817.673 kr. og árið 1992 10.423.107 kr., og samkvæmt dskj. nr. 32, sem er ársreikningur stefnda 1994, hefur tap það ár numið 3.418.114 kr. Í ársskýrslunni það ár kemur fram, að hlutafé fyrirtækisins var fært niður um 95% og nýju hlutafé safnað. Svo sem áður er rakið, var tap stefnda verulegt við milliuppgjör 1993, sem stafaði mestan part af eignasölu og virðist hafa komið forráðamönnum stefnda í opna skjöldu. Enda þótt fjárhagur stefnda væri bágur, hafði reksturinn gengið illa allar götur frá 1987, og verður ekki séð, að fyrirhuguð taka stefnanda á fæðingarorlofi hafi skipt sköpum um rekstrarafkomu stefnda, þannig, að uppsögn stefnanda einnar ásamt öðrum blaðamanni er að mati dómsins ekki þær gildu ástæður, er um getur í 7. gr. laga nr. 57/1987. Verður því að telja, að stefnda hafi verið óheimilt að segja stefnanda upp störfum, eins og á stóð. Með vísan til þessa fellst dómurinn á málsástæður og lagarök stefnanda fyrir kröfum sínum, og eru þær teknar til greina að fullu. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 125.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Dagsprent hf., greiði stefnanda, Sigríði Þorgrímsdóttur, 391.987 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 46.821 kr. frá 1. 1. 1994 til 1. 2. s. á., af 93.642 kr. frá þ. d. til 1. 3. s. á., af 143.619 kr. frá þ. d. til 1. 4. s. á., af 190.440 kr. frá þ. d. til 1. 7. s. á., af 279.363 kr. frá þ. d. til 1. 8. s. á., af 351.886 kr. frá þ. d. til 1. 9. s. á., en af 391.987 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 9. 1995.

Stefndi greiði stefnanda 125.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.